

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 287/2014

2015/EES/71/34

frá 12. desember 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 598/2014 frá 16. apríl 2014 um að setja reglur og koma á málsmeðferð við innleiðingu rekstrartakmarkana vegna hávaða á flugvöllum í Sambandinu innan yfirvegaðs mats á úrræðum og um niðurfellingu tilskipunar 2002/30/EB ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 598/2014 fellur úr gildi, frá og með 13. júní 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/30/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 13. júní 2016.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 66f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/30/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo frá og með 13. júní 2016:

„**32014 R 0598**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 598/2014 frá 16. apríl 2014 um að setja reglur og koma á málsmeðferð við innleiðingu rekstrartakmarkana vegna hávaða á flugvöllum í Sambandinu innan yfirvegaðs mats á úrræðum og um niðurfellingu tilskipunar 2002/30/EB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 65).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 598/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2014 frá 27. júní 2014 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 65.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 85, 28.3.2002, bls. 40.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 342, 27. 11.2014, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 71, 27. 11.2014, bls. 40.